



Nefndasvið Alþingis  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Gunnarsholti, 12. nóvember 2018

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um skilgreiningu auðlinda, 55. mál.**

Í rafbréfi frá nefndasviði Alþingis, dags. 2. nóvember 2018, barst Landgræðslu ríkisins tillaga til þingsályktunar um skilgreiningu auðlinda. Óskað var umsagnar stofnunarinnar um málið.

Ísland er ríkt af auðlindum og ljóst að íbúar þess er algjörlega undir því komnir að auðlindir þessar viðhaldist til framtíðar. Lífsgæði verða hér ekki tryggð nema að staðið sé vörð um auðlindir og þær almennt nýttar með hófsemi og sjálfbærni að leiðarljósi. Landgræðsla ríkisins hefur m.a. það hlutverk samkvæmt lögum að standa vörð um, og efla, þær auðlindir sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi. Verndun, not og uppbygging þeirra auðlinda eru og lykilþættir í uppbyggingu og viðgangi annarra auðlinda.

Stofnunin er því mjög fylgjandi að auðlindir verði skilgreindar, sem og að samantekt verði gerð um auðlindir á Íslandi. Landgræðsla ríkisins er tilbúin að aðstoða varðandi þá þætti, þær auðlindir, sem lögum samkvæmt eru á hennar ábyrgð að fylgjast með, efla og varðveita.

Sérstaklega skal hér bent á að ofangreint sýnist í samræmi við það sem fram kemur í gr. 5.3. í drögum að eigandastefnu ríkisins vegna, landa, lóða og auðlinda, dags. 5. október 2017, hver lögð voru fram til kynningar á vef fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Í þeirri grein segir: „Greina þarf hvað teljist auðlindir og hverjar þeirra eru háðar einkaeignarrétti. Í þessu samhengi getur ný hagnýting leitt til skilgreiningar á „nýjum“ tegundum auðlinda.“

Virðingarfyllst,  
f.h. Landgræðslu ríkisins

Birkir Snær Fannarsson

Nefndasvið Alþingis  
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir  
Alþingi  
150 REYKJAVÍK


Garðabær, 15. nóvember 2018  
2018110008/42-1-3  
TB


### Tillaga til þingsályktunar um skilgreiningu auðlinda, 55. mál

Vísað er til bréfs / tölvupósts frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 2. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um skilgreiningu auðlinda, 55. mál.

Í framangreindir tillögu segir: *Alþingi ályktar að fela umhverfis- og auðlindaráðherra að fá sérfræðinga á sviði auðlindaréttar, umhverfisfræða og umhverfisréttar til að semja frumvarp til laga sem skilgreini hvað flokkast til auðlinda hér á landi og hverjar auðlindir Íslands eru.* Náttúrufræðistofnun telur eðlilegt að þetta mál sé skoðað gaumgæfilega og fagnar því að nú sé gert ráð fyrir aðkomu fleiri sérfræðinga að málinu en eingöngu sérfræðinga í auðlindarétti eins og gert var ráð fyrir við fyrri flutning málsins og Náttúrufræðistofnun gagnrýndi. Náttúrufræðistofnun bendir á að varast ber að skilgreina eða flokka auðlindir með því taka saman tæmandi lista, heldur með því að tilgreina almenn skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi, svo að nýjar og áður óþekktar auðlindir falli sjálfkrafa undir lögin, s.s. auðlindir sem felast í erfðamengi lífvera, og einnig verður að líta til þess að gildi auðlinda „nýrra“ sem áður þekktra getur breyst með tíma. Mikilvægara getur því verið að móta aðferðafræði um umgengni við auðlindir almennt og því mikilvægt að sem flest sjónarmið komi að vinnu við framangreint.

Virðingarfyllt

  
Guðmundur Guðmundsson  
starfandi forstjóri

  
Trausti Baldursson  
fostöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Sandgerði, 16. nóvember 2018

**Efni: Umsögn Samtaka náttúrustofa um tillögu umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis til þingsályktunar á skilgreiningu auðlinda, 55. mál.**

Vísað er til erindis nefndarsviðs Alþingis dags. 2. nóvember sl. þar sem náttúrustofum er gefinn kostur á að veita umsögn um tillögu umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis til þingsályktunar á skilgreiningu auðlinda.

Samtök náttúrustofa (SNS) fagna þingsályktunartillögu um skilgreiningu náttúrauðlinda Íslands og telja mikilvægt að farið verði ígrundað í þessa vinnu og samræmd stefna verði mótuð á stjórn og nýtingu náttúruauðlinda.

SNS taka undir mikilvægi þess að sérfræðingar með breiðan grunn séu valdir til flokkunar og skilgreiningar á því hverjar auðlindir landsins eru.

Gæta ber þess við skilgreiningu auðlinda að ekki verði gerður tæmandi listi yfir auðlindir landsins þar sem áður óþekktar auðlindir kunna enn að finnast.

Virðingarfyllst, f.h. Samtaka náttúrustofa

Sindri Gíslason

Sindri Gíslason, formaður SNS

---

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
bt. Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Dags. 16.11.2018  
Tilv. 5618-0-0005  
Mál 2018-0414  
0.5.2

Með erindi dags. 2. nóvember sl. óskaði umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis eftir umsögn Veðurstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um skilgreiningu auðlinda.

Svar Veðurstofunnar er sem hér segir:

Veðurstofan telur mjög jákvætt að stjórnvöld leggi í vinnu við að skilgreina hverjar náttúru-auðlindir Íslands eru og hvað flokkist til þeirra. Þá tekur hún undir það sjónarmið að brýnt sé að mótuð verði samræmd stefna og stjórn á nýtingu auðlindanna.

Virðingarfyllt,



Árni Snorrason  
forstjóri VÍ